

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	05.10.2015
Málalykill	00.10.1
Mál nr.	1510037

Garðabær, 25.september 2015

Til þess er málið varðar

Styrkbeiðni

Hjálparsveit skáta Garðabæ(HSG) fer þess á leit við bæjaryfirvöld Garðabæjar að bærinn veiti árlegan styrk til sveitarinnar.

HSG er ein öflugasta björgunarsveit Íslands í dag og sýnir mat móðursamtakanna, Slysavarnarfélagsins Landsbjargar, fram á það. Það að vera með björgunarsveit á því getustigi er kostnaðarsamt fyrir sveitina sjálfa.

Síðusta áratuginn hefur orðið mikil breyting á starfi sveitarinnar og er fagmennska, fórnfýsi og liðsheild einkunnarorð sem eiga fullkomlega við til að lýsa sveitinni. Til að styðja starfið fer sveitin árlega í mat og setur sér markmið út frá því. Aldursdreifing félaga HSG hefur aukist og hlutfall kvenna og karla er að jafnast út. Konur gegna til að mynda nokkrum lykilhlutverkum í starfi sveitarinnar.

Samstarf við skátana hefur verið mjög gott og er nú komin svokölluð ungliðadeild innan HSG, þar sem unglingar sem ekki hafa aldur til að starfa í björgunarsveit fá fræðslu um ferðamennsku, fyrstuhjálp og fleira er tengist björgunarsveitarstarfi. Til að hefja starf í björgunarsveit þarf að vera fullra átján ára og tekur undirbúningstímabilið 18 mánuði.

HSG er fyrsti og eini viðbragðsaðili innan Garðabæjar og teljum við okkur mikilvægan hlekk í almannavarnarkerfi Garðabæjar. Auk þess er sveitin hluti af almannavarnarkerfinu á landsvísu og vinnur í umboði lögreglu í leit og björgun og hefur gert það víðsvegar um landið, alltaf undir merkjum Garðabæjar.

Til að viðhalda þjálfunar- og menntunarmálum eins og þarf til að viðhalda styrk sveitarinnar förum við þess nú á leit við bæinn að Garðabær veiti árlegan styrk til sveitarinnar vegna þeirra verkefna. Jafnframt óskum við eftir styrk vegna beinnar aðkomu sveitarinnar að flugeldasýningu, jólatrjáasöfnun og gæslu á Jónsmessu. Beiðni okkar er að bærinn leggi til sveitarinnar 8.750.000 króna á ársgrundvelli næstu 3 árin, en þá verði samningurinn endurskoðaður. Þessi tala er fengin útfrá eftirfarandi:

Flugeldasýningar: 1.150.000

Jólatrjáasöfnun: 1.200.000

Nýliðþjálfun og ungliðar: 2.150.000

Menntun félaga: 4.250.000

Kostnaður sveitarinnar er eftir sem áður ærinn, þar sem tæki, búnaður og æfingar eru dýr. Tæki og búnað þarf að endurnýja og æfa þarf reglulega.

Þess má geta að sveitin stendur vel og framtíðin er björt með alla þá fórnfúsu einstaklinga sem í henni eru. Metnaður er mikill og eru allir með sameiginlegt markmið, að gera öfluga björgunarsveit enn öflugri.

f.h. HSG

Elvar Jónsson

formaður



Þjónustusamningur

Menntun

- Viljum tryggja góða nýliðakennslu
- Viljum viðhalda menntun félaga
- Senda á fagnámskeið.
- Auka sérþekkingu félaga.

Þátttaka og búnaður í Íslensku alþjóðabjörgunarsveitinni

- Sérnámskeið og úttekt
- Búnaður
- Bólusetningar

Unglingadeild

- Halda áfram að þróa samstarf við Vífil og svara kalli þeirra um aukna útivist.
- Efla samstarf við Svani en frekar

Fræðsla

- Gefa krökkum í 3.bekk endurskynsmerki og ræða við þá um notkun þess og nauðsyn
- Forvarnakennsla í 7.bekk

Gallar

- Eykur sýnileika og fagmennsku.
- Allir félagar eiga að vera merkir sveitinni og S.L í starfi sveitarinnar
- Sérhæfðir hópar þurfa sérhæfðan fatnað
- Tækjahópar þurfa sterkari galla

Flugeldasýning

- Heildsöluverð á flugeldunum 210+225
- Lager og uppsetning á húsnæði
- Fagmenn tengja sýninguna og skjóta upp.

Þjónusta

- Jólatrjáasöfnun 210+225
- Gæsla á Jónsmessunni

Starf

Nýliðastarf	1.900.000
Ungliðastarf	250.000
Bólusetning fyrir félaga í ÍA	960.000
Fræðsla	75.000
Gallar	1.300.000
Samtals	4.485.000

Menntun félaga

Menntun félaga	3.550.000
Úttekt og þjálfun í ÍA	700.000
Samtals	4.250.000

Flugeldar

Flugeldar í sýningu í Garðabæ	650.000
Flugeldar í sýningu á Álfanesi	350.000
Lager og uppsetning á húsnæði	150.000
Samtals	1.150.000

Jólatré

Jólatrjáasöfnun í Garðabæ	850.000
Jólatrjáasöfnun á Álfanesi	350.000
Samtals	1.200.000

Annað

Jónsmessugæsla	50.000
Samtals	50.000